
Ákvörðun um framkvæmd í flokki C

Heiti framkvæmdar	Skógrækt á 20 ha svæði á lögbýlinu Hesjuvöllum, lnr. 146937.
Framkvæmdaraðili	Vallabúið ehf.
Sveitarfélag	Akureyrarbær
Tegund framkvæmdar	1.07 Nýræktun skóga á allt að 200 ha svæði eða stærra sem breytir fyrri landnotkun

Framkvæmdalýsing (stutt samantekt)

Fyrirhuguð skógrækt á um 20 ha svæði í landi Hesjuvalla á svæði sem hefur verið nýtt sem beutiland fyrir hross. Svæðið er í um 200-280 m.y.s. hallar líttilega á móti austri og er vel gróið.

Var leitað umsagna?

Framkvæmdaleyfisumsóknin var send umhverfis- og mannvirkjasviði Akureyrarbæjar, sem gerir ekki athugasemd við framkvæmdina.

Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum skal m.a. taka mið af eðli framkvæmdar sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000

Já/Nei/Útskýring

Er framkvæmd umfangsmikil?	Nei, skógrækt á um 20 ha svæði
Er framkvæmd líkleg til að hafa sammögnunaráhrif með öðrum framkvæmdum?	Er að mestu innan svæðis þar sem fyrirhuguð er skógrækt og fellur þannig inn í framkvæmdir á aðliggjandi svæðum.
Fylgir framkvæmd nýting náttúruauðlinda?	Nei
Fylgir framkvæmd úrgangsmýndun?	Nei
Fylgir framkvæmd mengun eða ónæði?	Nei
Fylgir framkvæmd slyshætta?	Nei

Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum skal m.a. taka mið af staðsetningu framkvæmdar með tilliti til hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000

Hefur framkvæmdin áhrif á:

Já/Nei/Útskýring

Þá landnotkun sem fyrir er eða fyrirhugaða landnotkun samkvæmt skipulagi?	Er í samræmi við landnotkun samkvæmt gildandi aðalskipulagi.
Getu náttúruauðlinda á svæðinu til endurnýjunar eða magn þeirra og gæði?	Nei
Friðlýst svæði s.s þjóðgarða, friðlönd, náttúruvætti, fólkvanga?	Nei, svæðið nýtur ekki verndar
Svæði sem njóta sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum vegna tiltekinnar vistkerfa og jarðminja s.s eldhraun, jarðhitasvæði og votlendi?	Fram kemur að á svæðinu sé nokkrar mýrar en að ekki verði gróðursett í mýrlendi eða því raskað á nokkurn hátt.
Svæði í verndarflokki rammaáætlunar, á náttúruverndaráætlun eða í náttúruminjaskrá?	Nei
Svæði sem njóta verndar samkvæmt sérlögum, (Mývatn og Laxá og Breiðafjörður)?	Nei
Svæði sem njóta verndar samkvæmt alþjóðlegum samningum s.s. Ramsarsamningnum og Bernarsamningnum?	Fram kemur að á svæðinu sé nokkrar mýrar en að ekki verði gróðursett í mýrlendi eða því raskað á nokkurn hátt.
Svæði sem njóta verndar vegna fornminja eða friðaðra mannvirkja?	Nei
Vatnsverndarsvæði?	Nei
Hverfisverndarsvæði samkvæmt skipulagsáætlunum?	Nei
Víðerni?	Nei
Votlendi eða strandsvæði?	Fram kemur að á svæðinu sé nokkrar mýrar en að ekki verði gróðursett í mýrlendi eða því raskað á nokkurn hátt.
Landslag, ásýnd svæðis eða landnotkun?	Skógrækt hefur áhrif á ásýnd en á þessu svæði er í skipulagi gert ráð fyrir ræktun skóga.
Jarðmyndanir (t.d. eldhraun, fossar, hverasvæði, eldvörp)?	Nei
Stöðuvötn, tjarnir, sjávarfitjar eða leirur?	Nei
Gróður og gróðurlendi (t.d. mýrar), Dýralíf (t.d. fuglar og fiskar)?	Skógrækt hefur almennt áhrif á t.d. skjólmyndun og gróðurfar að einhverju leiti.
Loftgæði eða mengun?	Áhersla er á að skógurinn bindi kolefni og hafi þannig jákvæð áhrif.
Menningarminjar?	Nei
Samfélag, s.s. áhrif á íbúa eða atvinnu?	Nei

Eiginleikar hugsanlegra áhrifa

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum skal m.a. taka mið af hugsanlegum eiginleikum umhverfisáhrifa með hliðsjón af eðli framkvæmdar og staðsetningu, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000

Umfang umhverfisáhrifa, þ.e. það svæði og fjöldi fólks sem ætla má að verði fyrir umhverfisáhrifum.	Um er að ræða tiltölulega lítið svæði sem nýta á til skógræktar sem verður þó samhangandi hluti stærra svæðis.
Stærð og fjölbreytileiki áhrifa	
Líkur á áhrifum	
Tímalengd, tíðni og óafturkræfi áhrifa	Langur áhrifatími en framkvæmd afturkræf
Sammögnunaráhrif ólíkra umhverfisáhrifa á tilteknu svæði	Er hluti af stærra skógræktarsvæði
Áhrif yfir landamæri	Engin

Niðurstaða

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000 hefur Akureyrarbær farið yfir tilkynningu framkvæmdaraðila. Niðurstaða er að 20 ha skógrækt á landi Hesjuvalla sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. viðmið í 2. viðauka laga nr. 106/2000. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Ákvörðun	Ekki háð mati á umhverfisáhrifum.
Kærufrestur	Ákvörðun tekin 9. október 2019

(Staðsetning) dags.

Undirskrift